

Arktúrusar — Til þóknanlegrar leiðbeiningar skal ekki undanfelld að gefa þjónustusamlega til vitundar, að gufuskipið »Arktúrus» mun á 4. ferð þess frá Íslandi leggja af stað frá Reykjavík 30. júlí þ. á. í stað hins 27. s. m., er tiltekinn er í ferða-áætluninni, og að skipið mun í öllum ferðunum frá Íslandi leggja af stað frá Reykjavík kl. 3 eftir hádegi hinn tiltekna burtfarardag í stað kl. 6 eða 8 fyrir hádegi, og er það gjört vegna þess, að það á að koma við á Vestmannaeyjum. 49
23. febr.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kennslu yfirsetukvenna* og um yfirsetu-áhöld. — Þar sem hjeradslæknirinn í 11. lækni-hjeradi hafði mælt til þess, að sjer yrði veitt hæfileg þóknun úr landssjóði fyrir að hafa samkv. 5. gr. yfirsetukvennalaganna 17. desbr. f. á. kennt 3 yfirsetukonum, hafði þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 24. nóvbr. f. á. spurt um, hvort landlækni eða hlutaðeigandi hjeradslæknum beri sjerstök þóknun fyrir slíka kennslu og yfirheyrslu; hafði þjer um leið beiðzt vísbendingar ráðgjafans um það, hvort kaupa megi samkvæmt 4. gr. laganna 17. desbr. 1875 á kostnað landssjóðs hin nauðsynlegu áhöld handa öllum yfirsetukonum, eða að eins handa þeim, er kennt er, eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi, og hvort svo beri á að líta, sem áhöldin eigi að fylgja yfirsetu-sýslaninni, og beri því að skila þeim þeirri, er við tekur, er yfirsetukvennaskipti verða, eða ekki. 50
24. febr.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að kennsla yfirsetukvenna verður samkvæmt 5. gr. laganna 17. desbr. 1875 að telja með öðrum störfum læknisins í landsins þjónustu, og með því að eftir reglum þeim, er staðið hafa að undanfögnu og sem skylduðu landlækni til þess að segja yfirsetukvennaefnum til kauplaust, hefir eigi verið greidd nein þóknun fyrir þenna starfa, getur samkvæmt 1. lið 4. gr. laganna 14. oktbr. 1875 ekki heldur eftirleidis borið landlækni eða þeim 4 hjeradslæknum, er 5. gr. laganna frá 17. desbr. 1875 felur á hendur kennslu yfirsetukvenna, nokkur borgun fyrir þetta. Þess er því næst að geta, að því er snertir skilninginn á 4. gr. nýnefndra laga, að eigi getur að dómi ráðgjafans leikið neinn efi á því, að hin nauðsynlegu áhöld beri að útvega handa öllum hjeradsyfirsetukonum, er *skipaðar* eru samkvæmt lögnum, og hvort sem þær hafa fengið tilsögnina fyrir eða eftir að lögin öðludust gildi, og að áhöldin verði að fylgja sýsluninni; en að öðru leyti verði að telja sjálfsagt að eigi verði farið að útvega aptur á kostnað almennings áhöld handa þeim yfirsetukonum, er kynnu að hafa í fyrri stöðu sinni fengið áhöld fyrir fje úr almennum sjóði, og þetta mun eiga sjer stað um allar þær, er notið hafa tilsagnar á feðingarstofnuninni.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrk til að gefa út forn-rit.* — Með þóknanlegu brjefi 2. desbr. síðastl. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá sóknarprestinum að Melstað, sira Þorvaldi Bjarnarsyni, ásamt álits-skjali frá biskupinum á Íslandi, og fer beiðandi fram á, að sjer verði veittur 1000—1100 kr. styrkur úr landsjóði, til að gefa út hinar ágætustu óprentuðu þýðingar á «homilium» (þjedikunum) og «homiletiskum ritum» (biflúskýringum) fornkirkjunnar, er handritasafn Árna Magnússonar hafi einkum að geyma. Hafði þjer tekið fram, herra landshöfðingi, að yrði hinn umbeðni styrkur veittur, mundi eiga að taka hann af þeim hlut fjárins, sem veitt er með 15. gr. fjárlaganna, er ráðgjafinn hefir umráð yfir, en segizt þó jafnframt vera fús á 51
24. febr.

51 að greiða hinn umbeðna styrk að öllu eða hálfu af þeim hlut umgetins gjaldliðs í fjárlögum, er yður er fenginn til umráða, ef það þætti rjettara.

Eptir að leitað hefir verið samkvæmt beiðni yðar, herra landshöfðingi, álits P. G. Thorsens prófessors, um málið, — og er álitsskjal hans látið fylgja brjefi þessu — lætur ráðgjafinn eigi undan falla að senda yður bænarskjalíð aptur, með því að til yðar heyrir raunar, herra landshöfðingi, slíkri beiðni andsvör að veita, eptir því sem mál þetta er vaxið, og skal þess um leið getið, að lítist yður, herra landshöfðingi, tilefni til að veita bænina, en fje það, er yður er fengið til umráða, reynist eigi nægilegt til að standa straum af öllum kostnaðinum, er ráðgjafinn fús á að greiða helming styrksins eða fram undir það af sínum hlut í gjaldlið þeim, er hjer á við¹.

52 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lækkun á eptirgjöldum eptir umboðsjarðir, er orðið hafa fyrir öskufalli.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað skýrslu frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæmi Íslands, um að hann hafi samkvæmt tillögum umboðsmanns Skriðuklausturs og Suðurmúlasýslu jarða látið fram fara virðingargjörð, til að ákveða þá lækkun á landskuldum af jörðum tjeðra umboða, er ætti að reyna að fá samþykka, vegna rýrnunar þeirrar á jörðunum, sem leitt hafði af öskufallinu, og að þar eptir hafi samkvæmt virðingargjörðinni er hafi farið fram á, að eptirgjöldin væru ferð niður um 1099 álnir og 3 kr., verið leyft af amtinu, að gjöldin fyrir 1875 yrðu heimtuð samkvæmt þessu. Hafið þjer í þóknanlegu brjefi frá 22. nóvbr. f. á. lagt það til, að ráðgjafinn leggi samþykki á svo vaxna landskuldartöku af tjeðum jörðum, samkvæmt áminnztri virðingargjörð, og að veitt verði samkvæmt meðmælum amtmanns umboðsmanni yfir tjeðum umboðum, Páli Ólafssyni, 100 kr. þóknun fyrir ferðakostnað við nefnda virðingargjörð.

Út af þessu skal eigi undanfellt að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutadeigandi reikningsendurskoðara, og til annarar ráðstafanar, að ráðgjafinn fellst eptir atvikum á tjeða ráðstöfun, og leyfir, að greiddar verði úr umboðssjóði 100 kr. til endurgjalds kostnaði umboðsmanns út af þessu.

53 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Þjer hafið sent hingað, herra landshöfðingi, erindi hjeraðslæknisins í 15. læknishjeraði, Zeuthens, þar sem hann biður um 17—1800kr. lán úr hinum íslenzka læknasjóði, gegn veði í húsi, er hann hafi byggt á Eskifirði og metið hafi verið af 2 smiðum 4000 kr. virði, hafi hann keypt brunabóta ábyrgð á húsínu að upphæð 3000 kr., og ætli hann að hækka hana uppí 4000 kr. —, og gegn því að hann endurborgi lánið með 400kr. árlega, er verði haldið eptir af launum hans. Hafið þjer í þóknanlegu brjefi 25. oktbr. f. á. mælt fram með, að þetta verði veitt þannig, að lánið nemi helmingi virðingarverðs þess, er lagt verði á húsið með lögmætri virðingargjörð; en fari þó eigi fram úr 1700 kr., að húsínu verði haldið í brunabóta-ábyrgð, er nemi eigi minna en 3000kr., þangað til lánið verði endur-

1) 26. marz veitti landshöfðingi sira Þorvaldi 1000 kr. styrk, þannig að 200 kr. verði honum greiddar, þegar hann er búinn að taka sjer far hjeðan til Kaupmannahafnar, til þess að sjá sjálfur um prentunina, en það sem eptir er, verði honum borgað smámsaman, meðan hann dvelur í Kaupmannahöfn og jafnóðum og bókin er prentuð.